

Ár 2010, fimmtudaginn 5. ágúst kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. júlí 2010.**

Í bréfinu er kynnt námskeið um lýðræði í sveitarfélögum sem haldið verður 6. september n.k..

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 28. júlí 2010.**

Í bréfinu er kynnt skýrsla starfshóps um endurskoðun gildandi laga- og reglugerðarákvæða um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Lionsklúbbi Hveragerðis frá 12. júlí 2010.**

Í bréfinu er rætt um upplýsingaskilti sem Lionsklúbburinn hefur hug á að koma upp í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við bréfitara um fyrirkomulag og aðkomu bæjarfélagsins að málinu.

1.4. **Skólahreysti frá júlí 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir 50.000.- kr fjárstuðningi til stuðnings Skólahreysti.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Skólahreysti um umbeðna fjárhæð enda hefur keppnin aukið mjög áhuga unglunga á heilbrigðum lífsstíl og líkamsrækt. Hér í Hveragerði hefur Skólahreysti undanfarið ár verið valfag á elsta stigi og færri komist að en vilja. Umgjörð og fyrirkomulag Skólahreysti er forsvarsmönnum keppinnar til mikils sóma og það er bæjarráði ánægjuefni að geta stutt við þetta skemmtilega og góða verkefni.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Minnisblað frá Lex lögmannsstofu auk bréfaskrifta vegna Klettahlíðar 12.**

Lagt fram minnisblað frá Lex lögmannsstofu auk bréfa frá Hveragerðisbæ til eiganda Klettahlíðar 12. Einnig lagt fram bréf frá lögmanni eiganda Klettahlíðar 12.

Bæjarráð er sammála niðurstöðu lögmanns um endurálagningu gjalda með vísan til eldri samþykktu og felur bæjarstjóra og lögmanni að vinna

áfram að málinu á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður. Sömu aðilum er ennfremur falið að svara þeim spurningum sem lagðar eru fram af hálfu bréfitara.

2.2. **Minnisblað frá skrifstofustjóra frá 3. ágúst vegna afturköllun á lóðaúthlutun í Dalsbrún.**

Lagt fram minnisblað frá skrifstofustjóra þar sem hún ræðir um að afturkalla þurfi lóðaúthlutun þriggja lóða í Dalsbrún.

Bæjarráð samþykkir að afturkalla lóðaúthlutanir að Dalsbrún 21-23, Dalsbrún 2-6 og Dalsbrún 8-12.

**3. Fundargerðir:**

3.1. **Menningar- íþróttá- og frístundanefndar frá 21. júlí 2010.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:50

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)